

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, í málinu nr. 1/2022 á svæði 11, Austfirðir

I. Inngangur

1. Undirritaðir lögmenn, Edda Andradóttir og Andri Andrason, Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, fara með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins.

II. Kröfugerð

2. Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að allt landsvæði innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæða, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Ósafrétt og Grasdalur

Upphafspunktur er í miðri Knarrará, beint austan við Völsunga (1) og þaðan upp í Geldingaskörð (2). Úr Geldingaskörðum suður með fjallshryggnum umhverfis Njarðvíkurdal og Urðardal á Múla (3) og þaðan niður Innra-Hvannagil (4) í Njarðvíkurá (5) sem er fylgt þar til Seldalsá rennur í hana. Þaðan beint upp á Grjótfjallstind (6) og eftir fjallstindum út fjallshrygginn til norðausturs og niður á Brimnes (7) og þaðan í sjó (8). Meðfram ströndinni vestur fyrir Gripdeild og suður þar til komið er í Nautárós (9) og upp Nautá á Hádegisfjall (10) og þaðan í upphafspunkt.

Hrafnabjargafrétt

Upphafspunktur er í miðri Knarrará, beint vestan við Völsunga (1) og þaðan upp í Geldingaskörð (2). Úr Geldingaskörðum suður með fjallshryggnum á Súlu (3) og þaðan í Ytra-Dyrfjall (4). Úr Ytra-Dyrfjalli í mið Dyrfjöll (5) og í upptök Urðardalsár (6) sem er fylgt niður í miðja Jökulsá við hlið Knarará (7) og þaðan í Knarará (8) og aftur í upphafspunkt.

Sandbrekkuafrétt

Upphafspunktur er á Hraundalsvarpi þar sem vötn falla til beggja hliða (1) og þaðan er Hraundalsá fylgt frá upptökum þar til hún rennur í Bjarglandsá (2) og þaðan eftir

Bjarglandsá þar til Sellækur rennur í ána (3). Er læknum fylgt að upptökum (4). Þaðan til norðurs í Jökulsá (5) sem er fylgt að upptökum í Dyrfjalli (6) og þaðan eftir háeggjum aftur í upphafspunkt.

Hraundalur og Kirkjutungur

Upphafspunktur er þar sem Hölkná fellur í Bjarglandsá (Hraundalsá) (1) og er Bjarglandsá fylgt að upptökum að vatnaskilum (2). Þaðan er fjallsbrún fylgt til suðurs og austurs í Botnsdalsfjallsröð (3), frá Botnsdalsfjalli yfir Kollu að Hölkná (4) og er Hölkná fylgt aftur í upphafspunkt.

Afréttarland Hólalands og Hvannstóðar

Upphafspunktur er þar sem Selá rennur í Fjarðará (1) og er Selá fylgt að upptökum (2) og upp á Tindfell (3). Þaðan vestur á Grjótfjall (4), síðan í Upsahorn (5) og hátind Beinageitarfjalls (6). Frá Beinageitarfjalli suður um Mýrnesskörð og upp á Hvannstóðseggar (7). Þaðan í upptök Lambadalsár og er ánni fylgt norður þar til hún sveigir til austurs í átt að Þverá (8) og þaðan sjónhending í læk þann, er rennur úr Hlaupbotni (9) og eftir honum í upphafspunkt.

Afréttarland Gilsárvalla

Upphafleg krafa íslenska ríkisins vegna Afréttarlands Gilsárvalla var svohljóðandi:

Upphafspunktur er þar sem Lambadalsá rennur í Þverá (1) og er Lambadalsá fylgt alla leið inn í Lambadal og upp á fjallsbrún á Kerlingardalsfjalli (2). Þaðan eftir vatnaskilum til austurs á Skúmhattarraðir (3). Síðan í upptök Skúmhattardalsár (4) og er ánni fylgt aftur í upphafspunkt.

Uppfærð krafa íslenska ríkisins vegna Afréttarlands Gilsárvalla, sbr. hér síðar, er svohljóðandi:

Upphafspunktur er þar sem Lambadalsá rennur í Þverá (1) og er Lambadalsá fylgt alla leið inn í Lambadal og upp á Hvannstóðseggar (2). Þaðan til austurs á Skúmhattarraðir (3). Síðan í upptök Skúmhattardalsár (4) og er ánni fylgt aftur í upphafspunkt.

Desjarmýrarafrétt

Upphafspunktur er þar sem Skúmhattardalsá rennur í Þverá (1) og er Skúmhattardalsá fylgt alla leið inn og suður í fjöll á Skúmhattarraðir (2). Þaðan eftir fjallgarðinum á

Náttmálafjall (3), síðan á Húsavíkurheiðarvarp (4) og þaðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn (5). Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnjúka (6). Úr Hvítahnjúk í Urðarhólavatn (7) og þaðan í fossinn í efri Selshúsalæk (8) og aftur eftir Krossá í upphafspunkt.

Hvalvík

Upphafspunktur er í Æðarskerssandi móts við Æðarsker (1). Þaðan upp í fjallsbrún (2) og fjallaröðum fylgt til suðurs á Súlutind (3). Frá Súlutindi til austurs með fjallgarðinum eftir því sem vötnum hallar í Glettingsgjá (4).

Ytri-Álftavík

Upphafspunktur er í sjó við Höfðasand (1) og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll (2). Þaðan eftir fjallshryggnum norðaustur, yfir Hádegishnjúk (3) og niður á Hafnarnes (4) og þaðan í sjó og aftur í upphafspunkt.

Innri-Álftavík

Upphafspunktur er í sjó við svokallaðan Stigaklett (1) og þaðan upp klettinn og á Víðáttufjall (2). Þaðan eftir fjallshryggnum á Sandskeið (3) og fá Sandskeið til austurs eftir fjallshryggjum á Miðmundarfjallskoll (4) og niður fjallsröð á Höfðasand (5). Frá Höfðasandi í sjó og aftur í upphafspunkt.

Hjálmarströnd

Upphafspunktur er þar sem Grímkelsgil rennur út í sjó (1) og er Grímkelsgili fylgt úr fjöru upp á fjallsbrún (2). Þaðan meðfram fjallsbrúninni eftir því sem vötnum hallar í upptök Hjálmar (3) og meðfram Hjálma niður í sjó (4) og aftur í upphafspunkt.

III. Málavextir

3. Um málavexti vísast til kröfulýsingar íslenska ríkisins, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022. Kröfur ríkisins voru kynntar af hálfu óbyggðanefndar og kallað var eftir kröfum þeirra sem kynnu að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Að teknu tilliti til skiptingar svæðis 11 í fjögur mál bárust gagnkröfur frá eftirtöldum aðilum í máli nr. 2/2022:

- Eigendur Njarðvíkur I, II og III vegna kröfusvæðisins Ósafrétt og Grasdalur.
- Eigandi Hrafnabjarga vegna Hrafnabjargarafréttar.

- Eigandi Sandbrekku og eigendur Þórsness vegna Sandbrekkuafréttar.
 - Eigendur Hólalands og Hólalandshjáleigu, og eigandi Hvannstóða, vegna Afréttarlands Hólalands og Hvannstóðar.
 - Eigendur Gilsárvalla 1-3 og Grundar 1-2 vegna Afréttarlands Gilsárvalla.
 - Eigandi Desjarmýrar vegna Desjarmýrarafréttar.
 - Eigendur Brúnavíkur vegna Hvalvíkur.
 - Dánarbú Guðrúnar H. Hallgrímsdóttur vegna Ytri-Álftavíkur.
 - Eigendur Ness og Neshjáleigu vegna Innri-Álftavíkur.
4. Undir rekstri málsins féll íslenska ríkið frá kröfu sinni til kröfusvæðisins Herjólfsvík, en með því var leyst úr ágreiningi gagnvart eiganda Húsavíkur vegna þess kröfusvæðis.
 5. Engar gagnkröfur hafa borist vegna kröfusvæðanna Hraundals og Kirkjutungna eða Hjálmárstrandar.

IV. Málsástæður og lagarök

(a) Almenn um öll kröfusvæðin

6. Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þau þjóðlendukröfusvæði sem fjallað er um í greinargerð þessari séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða allt landsvæði innan kröfupunkta skv. framangreindum kröfulínum og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæða.
7. Að öðru leyti en fram kemur í greinargerð þessari vísast um afmörkun kröfusvæða og málsástæður ríkisins til kröfulýsingar, dags. 25. janúar 2022 og leiðrétt 4. febrúar 2022. Einnig vísast til fyrirbyggjandi heimilda um kröfusvæðin og tengd landsvæði sem raktar eru í kröfulýsingu ríkisins og í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands.
8. Byggt er á því að þau kröfusvæði sem fjallað er um í greinargerð þessari hafi verið utan landnáms. Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á svæðinu náði. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunní að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Fyrirbyggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðja það.

9. Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirbyggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarlönd eða til annarra sambærilegra nota. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tilteknar kirkjur eða jarðir hafi kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi kirkjur eða jarðir voru tilkomnar að þeim réttindum eða hvað fólst nánar í því tilkalli.
10. Að því er varðar öll kröfusvæðin er horft til staðháttar, gróðurfarar og heimilda um nýtingu lands, m.a. í Sýslu- og sóknalýsingum og öðrum heimildum.
11. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað.
12. Í greinargerð þessari er að öðru leyti fjallað um helstu heimildir, röksemdir og önnur atriði sem teljast styðja kröfu íslenska ríkisins hvað hvert kröfusvæði varðar.

(b) Ósafrétt og Grasdalur

13. Misræmi er á milli kröfulína íslenska ríkisins og gagnaðila við Grasdal, þar sem kröfulína ríkisins fer niður á Brimnes sunnan dalsins, en kröfulína gagnaðila er dregin út eggjar norðanmegin dalsins og fram á tanga sem skilur að Ólafssand og Gripdeild. Verður ekki annað ráðið en að um efnislegan ágreining sé að ræða er snýr að því hvort Grasdalur teljist innan eignarlands Njarðvíkur.
14. Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að innan kröfusvæðisins Ósafrétt og Grasdalur séu svæði sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti og hafa einungis verið nýtt til takmarkaðra nota. Er hér m.a. um að ræða svæðin Ósafrétt, Grasdal, Gripdeild, Ósafles og Urðardal, Byrðu og Dyrfjalladal í Njarðvík.
15. Um lýsingu og nýtingu Ósafréttar vísast m.a. til sóknarlýsingar Hjaltastaðasóknar frá 1842, þar sem kemur fram eftirfarandi lýsing sem tekur til hluta kröfusvæðisins: „Ósafrétt (alm. Ósfjall), yst á fjallgarðinum í norðaustur frá Dyrfjalli. Það er lágt Hlíðarfjall og grasi vaxið upp eftir, en melar efst og skriður en yst flug og hengihamrar sem ganga langt í sjó út. Yst á fjallinu liggur dalur frá suðvestri til útausturs sem Grasdalur heitir.“¹ Einnig vísast til svars oddvita Hjaltastaðahrepps frá 2. maí 1989, við

¹ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 189.

fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar s.á. um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, þar sem segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

16. Að því er varðar þann hluta kröfusvæðisins sem vísað er til sem Grasdals þá benda fyrirliggjandi heimildir til þess að sá hluti svæðisins hafi aðeins verið nýttur til takmarkaðra nota. Auk þess er lítið til þess að ágreiningur var um langt árabíl á milli Njarðvíkur og Óss um hvorri jörðinni svæðið tilheyrði. Þykir það ekki benda til þess að svæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Vísast hér til umfjöllunar um Njarðvík í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849-1850, þar sem vísað er til Grasdals sem „dalverpis“ sem báðar jarðirnar vilja eigna sér. Einnig vísast til bréfaskipta og gagnstæðra vitnisburða er varða ágreininginn, aðallega frá árunum 1840-1845.
17. Um Gripdeild og Ósafles vísast til fjölmargra heimilda um reka og aðra takmarkaða nýtingu á þeim svæðum, m.a. kaupgjörnings frá 31. janúar 1539, lögfestu fyrir jörðina Ós frá 10. júní 1785 og bréfs sr. Jóns Stefánssonar í Vallanesi frá 16. júlí 1786 þar sem vísað er til sels við Gripdeild og Ósafles, og fleiri síðari tíma heimildir.
18. Um afréttarsvæði í Urðardal, Byrðu og Dyrfjalladal, vísast m.a. til umfjöllunar í Göngum og réttum, þar sem fram kemur: „Sérstaklega gott afréttarland er í Urðardal, Byrðu og Dyrfjalladal, enda gengur þar fjöldi fjár yfir sumarið, einkum Borgarfjarðarfé.“² Rétt er að taka hér sérstaklega fram að við afmörkun kröfusvæðisins um Njarðvík, þ.e. niður Innra-Hvanngil í Njarðvíkurá og þaðan í Seldalsá og upp á Grjótfjallstind, var leitast við að tryggja að þessi svæði féllu ekki utan kröfulýsingar.
19. Á það skal bent að eldri heimildir um jörðina Njarðvík má skilja á þann veg að hluti kröfusvæðisins falli innan merkja þeirrar jarðar. Er hér um að ræða þann hluta kröfusvæðisins sem fellur innan gagnkröfu eigenda Njarðvíkur I, Borg (Njarðvík II) og Njarðvíkur III. Gera verður þó sérstakan fyrirvara að því er varðar línu sem er þar dregin „fram á tanga (13) sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan“ í ljósi fyrrgreindra heimilda um nýtingu Grasdals og ágreining um hann, sem og varðandi afmörkun Urðardals, Byrðu og Dyrfjalladals. Þess má hér t.a.m. geta að í vitnisburði Þorvarðar Bjarnasonar frá 1. apríl 1530 er vísað til þess að jörðin Njarðvík „liggr j borgarfirdi jtolvlavsa mille fiollz ok fiolv.“ og að henni fylgi „landeign sua víjd sem vatzfoll deilazt at niarduik.“ Sjá hér einnig t.d. lögfestur vegna jarðarinnar Njarðvík, dags. 24. júní 1821, 31. maí 1833, 12. júní 1843, 23. maí 1845 og 21. apríl 1846,

² Göngur og réttir V, Þingeyjarsýslur – Múlasýslur, bls. 407.

sem og landamerkjabréf, dags. 1. júlí 1885 og 8. janúar 1922. Hið sama má og segja um heimildir um merki jarðarinnar Unaóss, sem er í dag ríkisjörð, sbr. t.d. vitnisburð um Grasdál, dags. 1. apríl 1828, lögfestu kirkjujarðarinnar Unaóss, dags. 31. maí 1841, er var þó mótmælt f.h. Njarðvíkur, og landamerkjabréf Unaóss, dags. 8. maí 1885, þótt gera verði sérstakan fyrirvara hvað varðar svæðin Ósafrétt, Gripdeild og Ósafles.

20. Að mati íslenska ríkisins verður að horfa til þess að tilvísaðar merkjalýsingar eru hvorki með öllu samhljóða né fullskýrar, og þess að með tilliti til staðháttar og heimilda um nýtingu má skilja þær sem svo að þar sé lýst merkjum landsvæða sem eru bæði undirorpin beinum og óbeinum eignarrétti. Í ýmsum heimildum er þannig, að því er virðist, greint á milli heimalands jarðanna og annars lands þeirra. Hér verður jafnframt að líta til þess að aðrar heimildir, sbr. framangreint, benda til þess að kröfusvæðið, eða a.m.k. afmörkuð svæði innan þess, hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það ekki einungis af eigendum jarðanna Njarðvíkur og Óss á hverjum tíma, þótt eigendur þessara jarða kunni að hafa talist eiga þar meiri rétt en aðrir. Þá hefur hér þýðingu framangreint um ágreining Njarðvíkur og Óss varðandi Grasdál, en sá ágreiningur virðist einnig hafa varðað merki jarðanna að öðru leyti. Sjá t.d. lögfestu fyrir Vallaneskirkjujörðina Unaós (Ós) 31. maí 1841, er var mótmælt af eiganda Njarðvíkur og gagnstæðar lögfestur fyrir Unaós og Njarðvík, upplesnar á manntalsþingi að Desjarmýri 23. júní 1843.

(c) Hrafnabjargafrétt

21. Misræmi er á milli kröfulína íslenska ríkisins og gagnaðila. Annars vegar eru kröfulínur dregnar með mismunandi hætti á austurmörkum kröfusvæðisins þótt aðilar miði þar báðir við að lína skuli dregin úr Knarrará í Geldingaskörð. Í því sambandi bendir gagnaðili á að Knarrará sé ranglega staðsett á korti, en af hálfu íslenska ríkisins er lagt í mat óbyggðanefndar að skera hér úr. Hins vegar er misræmi á stuttum kafla á vesturmörkum kröfusvæðisins, er skýrist af því að lína ríkisins er dregin úr miðri Jökulsá í Knarrará, en í kröfu gagnaðila er fylgt fornum farvegi Jökulsár.
22. Um Hrafnabjargafrétt vísast m.a. til sóknarlýsingar Hjaltastaðasóknar frá 1842 þar sem m.a. kemur fram eftirfarandi lýsing sem tekur til kröfusvæðisins: „Hrafnabjargafrétt (alm. Hrafnabjargaafjall), áfast Ósfjalli, gengur beint inn frá því og inn að Dyrfjalli. Það er að hæð, landkostum og landslagi líkt Ósfjalli og er hvörtveggi sémilegt kostaland. [...]“³ Einnig vísast til svars oddvita Hjaltastaðahrepps frá 2. maí 1989, við fyrirspurn

³ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Híns íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 189.

félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar s.á. um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, þar sem segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.

23. Tekið skal fram að skilja má landamerkjabréf jarðarinnar Hrafnabjarga, dags. 7. maí 1884, á þann veg að kröfusvæðið falli innan merkja jarðarinnar, a.m.k. að hluta. Til þess verður hins vegar að líta að ekki liggja fyrir eldri heimildir um merki jarðarinnar, sem geta stutt að þau nái svo langt inn til landsins og til fjalla eins og landamerkjabréfið ber með sér, en með landamerkjabréfi gátu menn ekki aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Í þessu sambandi verður jafnframt að horfa til staðháttá og annarra heimilda sem benda til þess að kröfusvæðið hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti, þótt eigendur Hrafnabjarga kunni að hafa talist eiga þar meiri rétt en aðrir.
24. Fyrir liggur að kröfusvæðið Hrafnabjargaafrétt fellur innan stærra svæðis sem var á árinu 2021 friðlýst á grundvelli laga nr. 60/2013, sbr. auglýsing nr. 850/2021 um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruörð. Í þessu sambandi er byggt á því af hálfu gagnaðila, Stóruörðar ehf. sem eiganda jarðarinnar Hrafnabjarga, að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg samskiptum og ákvörðunum í tengslum við friðlýsinguna, og að í ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra um friðlýsingu felist staðfesting á stöðu landeigenda sem handhafa beins eignarréttar á svæðinu.
25. Af hálfu íslenska ríkisins er ekki unnt að fallast á að tilvísuð friðlýsing, eða annað í því sambandi, geti haft þau réttaráhrif að kröfusvæðið teljist undirorpið beinum eignarrétti. Í því sambandi er til þess að líta að hið friðlýsta svæði nær bæði til eignarlanda jarðanna Hrafnabjarga, Unaós-Heyskála og Sandbrekku, og svæða sem teljast utan eignarlanda, en sem nefndar jarðir hafa kallað til réttinda yfir. Með vísan til þessa getur ekki talist óeðlilegt að haft hafi verið samráð og samstarf við eigendur nefndra jarða í tengslum við friðlýsinguna. Í því fólst eðli máls samkvæmt ekki afstaða ráðherra eða íslenska ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu þess landsvæðis sem friðlýst var, að öðru leyti en því að lagt var til grundvallar að innan þess væru að hluta til svæði sem teldust eignarlönd og önnur sem teldust það ekki. Má hér m.a. vísa til þess að aðeins á einum stað í auglýsingu nr. 850/2021, þ.e. í 2. mgr. 3. gr. hennar, er vísað til þess sérstaklega að hluti svæðisins falli innan marka jarðar.
26. Hér verður einnig að athuga að hvorki við afmörkun hins friðlýsta svæðis né í tengslum við friðlýsinguna að öðru leyti, var horft sérstaklega til heimilda um merki nefndra jarða

eða mat lagt á þær sérstaklega. Er það enda ekki hlutverk umhverfis- og auðlindaráðherra við friðlýsingu að skera úr um hver séu mörk eignarlanda eða mörk þeirra og þjóðlendna. Til viðbótar er rétt að líta til þess að friðlýsing átti sér stað á árinu 2021 og á þeim tíma lá fyrir að svæðið hefði verið tekið til meðferðar m.t.t. aðgreiningar í eignarlönd og þjóðlendur skv. lögum nr. 58/1998, en krafa ríkisins í málinu var sett fram stuttu síðar eða í janúar 2022. Í þessu ljósi gátu vart skapast réttmætar væntingar landeigenda til beins eignarréttar að kröfusvæðinu eða til þess að ekki yrði gerð til þess þjóðlendukrafa.

(d) Sandbrekkuafrétt

27. Misræmi er á milli kröfulína íslenska ríkisins og gagnaðila, að því er varðar línu frá Sellæk í Jökulsá. Af hálfu ríkisins er litið svo á að rétt sé að fylgja Sellæk til upptaka og að þaðan sé dregin lína í Jökulsá. Samkvæmt kröfum gagnaðila ætti sú lína að liggja um Álfasteina ytri, en gagnaðilar staðsetja þá hins vegar með mismunandi hætti. Ekki verður annað ráðið en að Álfasteinar ytri séu u.þ.b. rétt staðsettir hjá gagnaðila vegna Sandbrekku, sbr. punktur B á kröfukort.
28. Um Sandbrekkuafrétt vísast m.a. til sóknarlýsingar Hjaltastaðasóknar 1842, þar sem kemur fram eftirfarandi lýsing sem tekur til kröfusvæðisins: „Sandbrekkuafrétt gengur inn frá Hrafnabjargafjalli fram fyrir neðan Dyrfjall, Sandadalsfjall og Beinageitarfjall. Hún er mest grashlíðar og fláar hið neðra.“⁴ Einnig vísast til svars oddvita Hjaltastaðahrepps frá 2. maí 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins 20. febrúar s.á. um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarétt, þar sem segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarétt í Ósafjall, Hrafnabjargafjall, Sandbrekkuafrétt, Hraundal og Hálsa.
29. Tekið skal fram að skilja má landamerkjabréf jarðarinnar Sandbrekku, dags. 20. júní 1884, á þann veg að kröfusvæðið falli innan merkja jarðarinnar, a.m.k. að hluta. Til þess verður hins vegar að líta að ekki liggja fyrir eldri heimildir um merki jarðarinnar, sem geta stutt að þau nái svo langt inn til landsins og til fjalla eins og landamerkjabréfið ber með sér, en með landamerkjabréfi gátu menn ekki aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Sjá í þessu sambandi vitnisburð Indriða Þorvarðssonar frá 1604 um landamerki á milli jarðanna Dala og Sandbrekku í Útmannasveit, en þar er merkjum aðeins lýst utan kröfusvæðis, að því er best verður séð.

⁴ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 189.

30. Í þessu sambandi verður jafnframt að horfa til staðhátta og annarra heimilda sem benda til þess að kröfusvæðið hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það ekki einungis af eigendum jarðarinnar Sandbrekku á hverjum tíma, þótt eigendur Sandbrekku kunni að hafa talist eiga þar meiri rétt en aðrir. Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1849-1850 segir t.a.m. um jörðina Sandbrekku að henni „fylgir afrétt á milli Bjarglandsár og Jökulsár sem gefur af sér í afréttartollum 4^{þd} á ári [...]“, en jörðin var metin annars vegar „með afbýlinu og hlunnindum sínum“ og hins vegar „út af fyrir sig með því landi og landsnytjum sem henni fylgja“.
31. Hér ber einnig að líta til þess ágreinings sem var um Hraundal, sem liggur að hluta innan kröfusvæðisins, sbr. mótmæli 26. maí 1845 við lögfestu Guttorms Þorsteinssonar á Hofi, að því sem hún snerti Hraundal fyrir utan á þá sem eftir honum rennur. Mótmælin voru m.a. á þá leið að „eptir skikkanlegra og eldstu manna Vitnisburdum ásamt almennings ordromi, var Hraundalur fyrir utan Ána sagdr og átölulaust brúkadur til allrar þeirrar notkunar sem í þá daga var tidkanleg sem Hialtastadar Hreppsmanna saméiginleg Eign edr almennigr þángad til Prófastur sál S^r Arni Þórsteinsson Lögfesti nefndan Hraundal edr Almenningsstykkid undir Sandbrecku“.
32. Um málsástæður íslenska ríkisins hvað varðar friðlýsingu á árinu 2021, sem tekur til hluta kröfusvæðisins Sandbrekkuafrétt, vísast til umfjöllunar þar að lútandi vegna kröfusvæðisins Hrafnabjargaafrétt hér að framan, sem á hér við að breyttu breytanda.

(e) Hraundalur og Kirkjutungur

33. Við afmörkun kröfusvæðisins Hraundalur og Kirkjutungur er fyrst og fremst litið til lýsingar á svæðinu í landamerkjabréfi Hjaltastaða í Hjaltastaðahreppi. Landamerkjabréfið er ódagsett en það var þinglesið við manntalsþing að Hjaltastað 2. júlí 1884. Þar segir n.t.t., eftir að merkjum Hjaltastaða hefur verið lýst gagnvart aðliggjandi jörðum: „Hjaltastaður á ennfremur afréttarlandið Hraundal að framan og Kyrkjutungur. Ræður þar mörkum að utan Bjarglandsá, að ofan efstu fjallaeggjar, að framan bein stefna úr ytri Botndalsfjallsröð yfir Kolluups að Hölkná; og að neðan Hölkná.“
34. Í framangreindu landamerkjabréfi er kröfusvæðinu lýst með sjálfstæðum hætti og aðskildu frá öðru landi Hjaltastaða. Bendir það til þess að kröfusvæðið sé ekki undirorpið beinum eignarrétti og að ekki hafi verið litið á það sem hluta jarðarinnar.

35. Að því marki sem vísað er til kröfusvæðisins í öðrum heimildum um Hjaltastaði eða kirkjuna á Hjaltastöðum er það gert með sambærilegum hætti. Í vísitasíu fyrir Hjaltastaðakirkju frá 2. júní 1749 er þess t.d. getið að kirkjan eigi land og selför á Hraundal „effter gömlumm lögfestum og vitnisburdumm sem ä henne liggia, hvort Itak velnefndur Stadarhalldarenn, skal hier effter færa Sier til Riettvyslegra nota, og vel tilsiä ad Eckert undann kyrkiunne gange fyrer brukunar leyse, sem henne med Riettu fylgia ber.“ Sjá hér einnig lögfestu vegna konungs- og kirkjujarðarinnar Hjaltastaða frá 31. maí 1844, þar sem kröfusvæðinu virðist lýst, a.m.k. að hluta. Í umfjöllun um Hjaltastað í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1849–1850 segir jafnframt að eftir máldögum kirkjunnar fylgir jörðinni afréttarland framá Hraundal er nefnist Kirkjutungur, sem er til lítilla afnota. Þess má einnig geta að í sóknarlýsingu Hjaltastaðasóknar 1842 kemur fram að syðri hluti Hraundals sé almenningur og að kirkjan eigi „selstöðu á Hraundal utanverðum og tungu þá niður frá Botndalsfjalli norðanverðu sem verður milli Bjarglandsár og Höltjár sem fyrr er getið. Það land heitir Kirkjutungur.“⁵
36. Þrátt fyrir að fyrirbyggjandi heimildir bendi samkvæmt þessu til þess að Hjaltastaðir hafi kallað til réttinda á kröfusvæðinu, sem er aðskilið frá landi jarðarinnar af öðrum svæðum, er einnig til þess að líta að ekki er minnst á kröfusvæðið í elstu fyrirbyggjandi heimildum um kirkjuna á Hjaltastað, þ.e. máldögum og vísitasíum frá um 1397, 1570 og 1645, né heldur í síðari heimildum frá 1779 - 1851, þrátt fyrir að þar sé getið ýmissa réttinda kirkjunnar. Athygli er hér einnig vakin á mótmælum hinn 26. maí 1845 við lögfestu Guttorms Þorsteinssonar á Hofi, sem þinglesin var á sama tíma, að því sem hún snerti Hraundal fyrir utan á þá sem eftir honum rennur. Sjá um Sandbrekkuafrétt hér að framan.
37. Ekki hefur komið gagnkrafa vegna kröfusvæðisins Hraundals og Kirkjutungna.

(f) Afréttarland Hólalands og Hvannstöðar

38. Um Afréttarland Hólalands og Hvannstöðar vísast m.a. til sóknarlýsingar Desjamýrarsóknar 1839-1840, þar sem er að finna lýsingu á afréttarsvæðum inn af Borgarfirði, þ. á m. í Hólalands- og Hvannstöðsdal, sem ásamt öðrum afréttarsvæðum þar „er léður öllum Borgarfirði.“⁶
39. Um Afréttarland Hólalands og Hvannstöðar vísast m.a. til sóknarlýsingar Desjamýrarsóknar 1839-1840, þar sem er að finna lýsingu á afréttarsvæðum inn af

⁵ Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 190 og 193.

⁶ Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 209.

Borgarfirði, þ. á m. í Hólalands- og Hvannstóðsdal, sem ásamt öðrum afréttarsvæðum þar „er léður öllum Borgarfirði.“⁷

40. Taka ber fram að skilja má landamerkjabréf jarðarinnar Hólalands, dags. 4. júlí 1884 og 27. desember 1921, og jarðarinnar Hvannstóðar, dags. 24. nóvember 1921, á þann veg að kröfusvæðið falli innan merkja jarðanna, a.m.k. að hluta. Í fyrra landamerkjabréfi Hólalands er merkjum þannig lýst þannig að Fjarðará ráði „inn í Mýrnesskörð, síðan fjallgarðurinn alla leið þar sem vötn að draga út á ytri Tindfellsöxl; frá Tindfellsöxl ytri beint ofan í Mjóadal framan við háa Hrók“ og í landamerkjabréfi Hvannstóðar er merkjum lýst þannig að Lambadalsá ráði „uppá fjallseggjar; að vestan ræður Fjarðará frá áður umgetnum merkjagarði og uppí svonefnd Mýrnesskörð, síðan ráða að sunnan fjallseggjar milli Fjarðará og Lambadalsár.“
41. Til þess verður hins vegar að líta að ekki liggja fyrir eldri heimildir um merki jarðarinnar, sem geta stutt að þau nái svo langt inn til landsins og til fjalla eins og landamerkjabréfið ber með sér, en með landamerkjabréfi gátu menn ekki aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Í þessu sambandi verður jafnframt að horfa til staðháttar og annarra heimilda sem benda til þess að kröfusvæðið hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það ekki einungis af eignum Hólalands, Hólalandshjáleigu eða Hvannstóðar, á hverjum tíma.

(g) Afréttarland Gilsárvalla

42. Misræmi var á milli kröfulínu íslenska ríkisins og gagnaðila, þar sem í upphaflegri kröfu ríkisins var miðað við að úr Lambadalsá væri farið upp á fjallsbrún á Kerlingardalsfjalli. Að athuguðu máli þykir rétt að miða við að úr Lambadalsá sé farið á Hvannstóðseggjar og þaðan austur á Skúmhattaraðir. Er það í samræmi við afmörkun ríkisins á aðliggjandi kröfusvæðum og í samræmi við afmörkun gagnaðila vegna Gilsárvalla og Grundar á afréttarlandi Gilsárvalla, á milli Lambadalsár og Skúmhattardalsár (Skúmhettuár) inn á vörpu, sbr. landamerkjabréf Gilsárvalla með Gilsárvallahjáleigu. Kröfu ríkisins hefur verið breytt þessu til samræmis og kröfukort uppfært, en breytingin rúmast innan upphaflegrar kröfu.
43. Um Afréttarland Gilsárvalla vísast m.a. til sóknarlýsingar Desjamýrarsóknar 1839-1840, þar sem er að finna lýsingu á afréttarsvæðum inn af Borgarfirði, þ. á m. í Lambadal,

⁷ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 209.

Kækjudal og Skúmhattardal, sem ásamt öðrum afréttarsvæðum þar „er léður öllum Borgarfirði.“⁸

44. Fyrirliggjandi heimildir benda til þess að Gilsárvellir hafi kallað til réttinda yfir kröfusvæðinu. Í ódagsettu landamerkjabréfi jarðarinnar Gilsárvalla með Gilsárvallahjáleigu, sem þinglesið var á manntalsþingi að Desjarmýri 4. júlí 1884, kemur m.a. fram: „Afréttarland á Gilsárvöllum milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörp.“ Sömu lýsingu er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar Gilsárvalla með Gilsárvallahjáleigu (nú Grund), dags. 20. desember 1921. Í landskiptagerð vegna jarðanna Grundar I og II, dags. 8. september 1970 er og vísað til þess að upprekstrarland sé sameiginlegt með Gilsárvöllum í Innfjöllum.
45. Ekki liggja fyrir eldri heimildir en framangreind landamerkjabréf sem benda til þess að kröfusvæðið tilheyri Gilsárvöllum eða sem skýra nánar hvað fólst í þeirri tilheyrslu og á hverju hún grundvallist. Í þessu sambandi verður jafnframt að athuga að land jarðanna Gilsárvalla og Gilsárvallahjáleigu (Grundar) er aðskilið kröfusvæðinu af öðru landsvæði, og má því ætla að í landamerkjabréfunum sé kröfusvæðinu lýst sem landsvæði sem jörð hefur nýtt af án þess að það fylgi henni sem annað land hennar.

(h) Desjamýrarafrétt

46. Um Desjamýrarafrétt vísast m.a. til sóknarlýsingar Desjamýrarsóknar 1839-1840, þar sem er að finna lýsingu á afréttarsvæðum inn af Borgarfirði, þ. á m. í Kækjudal og Skúmhattardal, sem ásamt öðrum afréttarsvæðum þar „er léður öllum Borgarfirði.“⁹
47. Taka ber fram að ýmsar eldri heimildir um jörðina Desjamýri má skilja á þann veg að kröfusvæðið hafi talist tilheyra jörðinni. Þess má t.a.m. geta að í máldaga Desjamýrarkirkju frá árinu 1354 segir að kirkjan eigi allt land „til motz vid husuijkinga“. Jafnframt vísast hér til lögfestu frá 31. maí 1772 vegna Desjarmýri með landi Setbergs, hálfum Skúmhattardal, öllum Hrafnsdal og Mosdal. Hið sama á við um landamerkjabréf jarðarinnar Desjamýri, með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi, dags. 17. maí 1890 og 10. desember 1921.
48. Til þess verður hins vegar að líta að sömu lýsingu og greinir í máldaganum frá árinu 1354 er ekki að finna í máldögum frá árunum 1397 og 1570, auk þess sem sú lýsing kann að takmarkast við svæði sem fellur utan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Einnig verður að

⁸ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 209.

⁹ Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags (1839-1874), bls. 209.

líta til þess að í öðrum heimildum frá svipuðum tíma er vísað til kröfusvæðisins með öðrum hætti, og þannig að gefi óbeinan fremur en beinan eignarrétt til kynna. Vísast hér til biskupsvísitasíu frá 6. ágúst 1645, þar sem segir að Maríukirkja að Desjarmýri eigi Setberg „og Skumhattardal halffann að heffdarhallde.“ Jafnframt verður að líta til þess að ágreiningur var á milli Desjamýrar og Húsavíkur um landsvæði við Gæsavötn og Hvítserk, en samkvæmt prófastvísitasíu fyrir Desjamýri 15. ágúst 1841 er um að ræða „landstykki ofan frá Husavík, er heldur varpi nidur að Selhúsalæk efra frá Kroka að vestanverdu og til Gjæsirvatna að austanverdu“, en til landstykksins virðist vísað sem Efri-Fitjar.

49. Í þessu sambandi verður jafnframt að horfa til staðhátta og annarra heimilda, sbr. framangreint, sem benda til þess að kröfusvæðið hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það ekki einungis af eigendum jarðarinnar Desjamýrar eða hjáleigna á hverjum tíma.

(i) Hvalvík

50. Byggt er á því að kröfusvæðið Hvalvík hafi verið utan landnáms, en víkurinnar er ekki getið í landsnámslýsingum og verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðinu í öndverðu. Verði hins vegar talið að kröfusvæðið kunní að hafa verið numið í heild eða að hluta er sérstaklega á því byggt að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast, hafi fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra nota. Af fyrirliggjandi heimildum að dæma virðist það þá hafa gerst tiltölulega snemma. Þótt heimildir bendi til þess að búseta hafi verið reynd þar á 18. og 19. öld þá virðist hún hafa verið skammvinn og stopul.
51. Í elstu fyrirliggjandi heimildum er getið um Hvalvík sem sjálfstæðs svæðis sem falli ekki innan merkja Brúnavíkur eða annarra jarða. Í skýrslu sr. Þorsteins Jónssonar á Eiðum yfir kúgildi og inntektir á jörðum biskups, þ.e. Brynjólfs Sveinssonar, í Borgarfirði og Seyðisfirði 1672–1673 segir þannig að „Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fiallatinda á milli austr á Glettíngsgjá.“ Í sömu heimild kemur fram að „Brúnavík á allt sitt land ítölulaust fram á Þrándarhrigg og upp á hædstu fiöll á bádar síður þar til vötnum hallar.“ Sömu lýsingar á Brúnavík og Hvalvík er að finna í afriti sr. Jóns Austfjörð, dagsettu 5. maí 1846, tekið úr tuttugustu bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar yfir árin 1672 og 1673. Ekki verður annað ráðið en að á þessum tíma hafi verið litið á Hvalvík sem sjálfstætt svæði, aðskilið frá Breiðavík.

52. Samkvæmt manntali 1703 var þá búið í Hvalvík. Hvalvík virðist síðan hafa lagst í eyði aftur snemma á 18. öld, en a.m.k. ekki síðar en um aldamótin 1800,¹⁰ en í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 er í tengslum við jörðina Stóru-Breiðvík vísað til þess að eyðijörðin Hvalvík hafi þá verið nýtt sem beitiland. Einnig er vísað til þess í Jarðatali Johnsens frá 1847 að Stóra-Breiðavík hafi beitarafnot af Hvalvík.
53. Hvalvíkur er fyrst getið í tengslum við jörðina Brúnavík í lögfestu fyrir Brúnavík frá 1811, þar sem Hvalvík er sögð „meðfylgjandi“ Brúnavík.¹¹ Í lögfestu fyrir Brúnavík frá 1842 er síðan getið um Hvalvík sem „meðfylgjandi afbýli Hvalvíkurlandeign“.¹² Í síðari heimildum er síðan getið með sambærilegum hætti um tengsl Hvalvíkur við Brúnavík. Í jarðamati 1849-1850 er þannig fjallað um jörðina Brúnavík með eyðibýlinu Hvalvík og í vitnisburði Björns Björnssonar á Bóndastöðum frá 29. mars 1856 kemur fram að Hvalvík hafi verið afbýli tilheyrandi jörðinni Brúnavík. Í landamerkjabréfi Brúnavíkur, dags. 3. júlí 1884, er merkjum þeirrar jarðar síðan lýst sérstaklega þannig að afmarkist gagnvart Hvalvík „af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker“, en síðan er tekið fram að „Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fjallatinda á milli austur í Glettingsgjá.“ Þá er vísað til þess í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu frá 1916-1918 að jörðin Brúnavík hafi gott upprekstrarland og hrossabeit í Hvalvík.
54. Ekkert liggur fyrir um hvenær eða á hvaða grundvelli Hvalvík fór „að fylgja“ Brúnavík með þeim hætti sem framangreindar heimildir bera að nokkru með sér. Ekkert bendir hins vegar til þess að til stofnunar eða yfirfærslu beins eignarréttar að kröfusvæðinu Hvalvík, til handa eigendum jarðarinnar Brúnavíkur, hafi komið til með lögformlegum hætti. Þær þykja fremur gefa til kynna að aldrei hafi stofnast til beins eignarréttar að Hvalvík, eða þá hitt, að til beins eignarréttar hafi stofnast í öndverðu, en hann síðan fallið niður. Síðar hafi svæðið síðan verið tekið til takmarkaðra nota af hálfu Brúnavíkur og annarra nærliggjandi jarða, m.a. Stóru-Breiðavík. Engu breytir hér þótt manntal beri með sér að tilraunir hafi gerðar til búsetu í Hvalvík á fyrri hluti 18. og 19. aldar, enda virðist verða að leggja til grundvallar að þær tilraunir hafi verið skammvinnar og stopular.
55. Við mat á eignarréttarlegri stöðu Hvalvíkur hefur ekki sérstaka þýðingu þótt eigandi Brúnavíkur hafi gert landamerkjabréf á árinu 1922, þar sem vísað er til þess að Brúnavík og Hvalvík séu sameign og merkjum lýst í einu lagi þannig að taki til beggja víkna. Sjá

¹⁰ Samkvæmt manntali var búið í Hvalvík 1703 en ekki árið 1816. Þá var búið í Hvalvík 1835 og 1840, en ekki 1845 eða síðar.

¹¹ Fyrirvari vegna óskýrleika.

¹² Fyrirvari vegna óskýrleika.

landamerkjabréf, dags. 25. janúar 1922, þinglesið 17. júlí 1922. Landamerkjabréfið á sér enda ekki stoð í eldri heimildum, sbr. sú regla að með gerð landamerkjabréfs geta menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði.

(j) **Ytri-Álftavík**

56. Við afmörkun kröfusvæðisins Ytri-Álftavík er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890, þar sem lýst er merkjum á milli Álftavíkur í Borgarfirði (Ytri-Álftavíkur) og Ness í Loðmundarfirði (Innri-Álftavíkur), með eftirfarandi hætti: „Úr Stallkletti, sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.“
57. Ljóst er að mörkin á milli kröfusvæðanna Ytri-Álftavík og Innri-Álftavík eru dregin með mismunandi hætti af hálfu íslenska ríkisins og gagnaðila vegna beggja kröfusvæða. Ekki verður þó annað ráðið en að aðilar miði kröfur sínar við sömu heimildir, sbr. helst fyrrnefndur landamerkjadómur, og að mörkin liggi frá Miðmundarfjallskolli niður Miðmundarfjallsraðir. Snýr misræmi á milli kröfulína á kröfukorti fyrst og fremst að því hvernig Miðmundarfjallsraðir liggja frá Miðmundarfjallskolli í sjó. Af kortum þykir mega ætla að tilvísaðar fjallraðir liggi u.þ.b. þar sem kröfulína ríkisins er dregin, en e.t.v. aðeins vestar. Í kröfu ríkisins eru mörkin við sjó miðuð við Höfðasand, en í kröfum gagnaðila er miðað við Mávabrík, framan og vestan við Höfðasand. Örnefnið Mávabrík virðist aðeins koma fram í landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 30. desember 1921, en það virðist staðsett á sama eða svipuðum stað og örnefnið Stallklettur, sem miðað er við í fyrrnefndum landamerkjadómi og „sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand“. Ljóst má vera að ekki er langt á milli annars vegar Höfðasands og hins vegar Mávabríks eða Stallkletts, hvoru tveggja framan eða vestan við Höfðasand, en staðsetning þessara örnefna liggur að mati ríkisins ekki ljós fyrir á þessu stigi. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að hreyfa við kröfu eða kröfulínu íslenska ríkisins vegna umrædds misræmis, en áskilinn er réttur til þess á síðari stigum.
58. Byggt er á því að kröfusvæðið Ytri-Álftavík hafi verið utan landnáms, en svæðisins er ekki getið í landsnámslýsingum. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðinu í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðið

kunni að hafa verið numið í heild eða að hluta er á því byggt að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast, hafi fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Af fyrirliggjandi heimildum að dæma virðist það þá hafa gerst tiltölulega snemma.

59. Ytri-Álftavíkur er ekki getið í elstu heimildum um jörðina Húsavík eða Húsavíkurkirkju. Í máldögum og vísitásium á tímabilinu frá 1397 til 1832 er t.a.m. ekki minnst á Ytri-Álftavík, þrátt fyrir að þar sé getið eigna, ítaka og réttinda kirkjunnar. Hið sama á við um auglýsingu frá 17. júní 1722, þar sem getið er þeirra jarða sem þá voru undir Húsavíkurkirkju. Kröfusvæðisins virðist fyrst getið í prófastvísitásiu fyrir Húsavíkurkirkju frá 25. september 1778, þar sem fram kemur að bóndinn á Nesi í Loðmundarfirði vilji hafa öll afnot af „takmarkinu“ sem kallað er Álftavík ytri, sem þó tilheyri Húsavík, en prófastur tilsagði að halda skyldi því „takmarki“ til kirkjunnar.
60. Þess ber að geta að skilja má lögfestu frá 2. ágúst 1705 þannig að þar sé merkjum kirkjustaðarins Húsavík lýst þannig að taki til kröfusvæðisins, sbr. lýsingin: „ad sunanverdu rettvíslega til Nesslands í Lodmundarfyrði j Stallklett fyrir innan Alftavýkur, þadan a fjall upp til þess vötnum hallar“. Það er þó ekki víst, m.a. ef litið er til þess að í síðari lögfestum, frá árunum 1829, 1835 og 1855, er lýsingin að þessu leyti með öðrum hætti, þ.e. vísað er í Stallklett, sem nú kallast Stigaklettur, fyrir innan svokallaða innri Álftavík. Í landamerkjabréfi kirkjujarðarinnar Húsavíkur, dags. 17. maí 1887, þar sem Álftavíkur er getið sem jarðar ásamt Hólshúsum, Dallandi, Dallandsparti og Litlu-Breiðavík, er merkjum lýst með sama hætti og í síðarnefndu lögfestunum, þ.e. fyrir innan svokallaða innri Álftavík. Í landamerkjabréfi vegna Ytri-Álftavíkur, dags. 30. desember 1921, er merkjum á milli Ytri- og Innri-Álftavíkur síðan lýst úr Mávabrík, upp raðir í Miðmundafjallstopp. Ekki verður skýrlega ráðið hvað ræður mismunandi merkjalýsingum samkvæmt fyrirliggjandi heimildum, en þær þykja ekki veita því sérstaka stoð að kröfusvæðið hafi verið eða sé undirorpið beinum eignarrétti. Vísast hér og til þeirrar reglu að með gerð landamerkjabréfs eða annars konar merkjalýsinga geta menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði.
61. Engar heimildir eru um byggð til forna í Ytri-Álftavík. Hins vegar liggja fyrir heimildir um að búseta hafi verið reynd þar á 19. öld, að því er virðist fyrir tilstuðlan eða leyfi eiganda Húsavíkur en hún hafi verið skammvinn og stopul. Í bréfi eiganda Hólshúsa til biskups frá 28. desember 1832 er þannig tekið fram að Álftavík sé „uppbyggð á ny fyrir fáum árum síðann, á Nesi, sunnann til við Húsavíkina“. Sjá hér heimildir um

útbyggingu og þrasetu frá árunum 1854-1856 og byggingarbréf frá árunum 1856-1881,¹³ sbr. m.a. umfjöllun um Innri-Álftavík hér síðar. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 og jarðamati Norður-Múlasýslu 1849-1850 er jörðin Álftavík sögð hjáleiga Húsavíkur.

62. Til viðbótar framangreindu er bent á að ágreiningur var á milli eiganda Húsavíkur og umráðamanns þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði, um mörkin á milli Innri-Álftavíkur, sem Nes kallaði til réttinda yfir, og Ytri-Álftavíkur, sem Húsavík kallaði til réttinda yfir. Lyktaði þeim ágreiningi með fyrrnefndum landamerkjadómi 29. ágúst 1890, um að landamerki skyldu vera sem að framan greinir.
63. Taka ber fram að við mat á eignarréttarlegri stöðu kröfusvæðisins getur ekki haft sérstaka eða sjálfstæða þýðingu að gagnaðili geti rakið tilkall sitt til svæðisins fyrir erfðir með þeim hætti sem gert er í kröfulýsingu gagnaðila. Að sama skapi getur ekki haft sérstaka eða sjálfstæða þýðingu að Ytri-Álftavík eða Glaumbær sé skráð sem jörð samkvæmt fasteignaskrá.

(k) Innri-Álftavík

64. Við afmörkun kröfusvæðisins Innri-Álftavík er fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjadómi frá 29. ágúst 1890, þar sem lýst er merkjum á milli Álftavíkur í Borgarfirði (Ytri-Álftavíkur) og Ness í Loðmundarfirði (Innri-Álftavíkur), með eftirfarandi hætti: „Úr Stallkletti, sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand og þaðan beint upp fjallsröð upp á Miðmundarfjallskoll, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða Sandskeið, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.“
65. Ljóst er að mörkin á milli kröfusvæðanna Ytri-Álftavík og Innri-Álftavík eru dregin með mismunandi hætti af hálfu íslenska ríkisins og gagnaðila vegna beggja kröfusvæða. Ekki verður þó annað ráðið en að aðilar miði kröfur sínar við sömu heimildir, sbr. helst fyrrnefndur landamerkjadómur, og að mörkin liggi frá Miðmundarfjallskolli niður Miðmundarfjallsraðir. Snýr misræmi á milli kröfulína á kröfukorti fyrst og fremst að því hvernig Miðmundarfjallsraðir liggja frá Miðmundarfjallskolli í sjó. Af kortum þykir mega ætla að tilvísaðar fjallsraðir liggi u.þ.b. þar sem kröfulína ríkisins er dregin, en e.t.v. aðeins vestar. Í kröfu ríkisins eru mörkin við sjó miðuð við Höfðasand, en í kröfum gagnaðila er miðað við Mávabrík, framan og vestan við Höfðasand. Örnefnið Mávabrík

¹³ Samkvæmt manntali var búið í Ytri-Álftavík 1845 og 1880, en ekki 1703, 1816, 1835, 1840, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901, 1910 eða 1920.

virðist aðeins koma fram í landamerkjabréfi Ytri-Álftavíkur frá 30. desember 1921, en það virðist staðsett á sama eða svipuðum stað og örnefnið Stallklettur, sem miðað er við í fyrrnefndum landamerkjadómi og „sem stendur fast við sjó utan við svokallaða Innri-Álftavík, en framan eða vestan við svokallaðann Höfðasand“. Ljóst má vera að ekki er langt á milli annars vegar Höfðasands og hins vegar Mávabríks eða Stallkletts, hvoru tveggja framan eða vestan við Höfðasand, en staðsetning þessara örnefna liggur að mati ríkisins ekki ljós fyrir á þessu stigi. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að hreyfa við kröfu eða kröfulínu íslenska ríkisins vegna umrædds misræmis, en áskilinn er réttur til þess á síðari stigum.

66. Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að kröfusvæðið Innri-Álftavík hafi verið utan landnáms, en svæðisins er ekki getið í landsnámslýsingum. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðinu í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðið kunni að hafa verið numið í heild eða að hluta er á því byggt að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast, hafi fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra nota. Af fyrirliggjandi heimildum að dæma virðist það þá hafa gerst tiltölulega snemma.
67. Heimildir um Innri-Álftavík eru af skornum skammti, en svæðisins hefur helst verið getið í tengslum við ágreining á milli Ness og Húsavíkur um nýtingu svæðisins og merki milli Innri- og Ytri-Álftavíkur. Kröfusvæðisins virðist þannig fyrst getið í vitnisburði Björns Skúlasonar um nytjar í Innri-Álftavík í Víkum frá 6. apríl 1837, en af vitnisburðinum má ráða að óljóst var hvort svæðið tilheyrði Nesi eða Húsavík. Í prófastvísitasíu Húsavíkurkirkju frá 16. ágúst 1837 og 14. júlí 1842 er einnig getið um ágreining um Innri-Álftavík og við manntalsþing að Desjarmýri 24. júní 1842 voru þinglesin mótmæli um að Syðri-Álftavík skyldi notuð frá Húsavík. Í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1849–1850 er jafnframt vísað til þrætulands sem heitir Innri-Álftavík sem sé afrétt fyrir 30 til 40 kindur. Við manntalsþing að Desjarmýri 4. júní 1855 var og auglýst lögfesta, dags. 2. júní 1855, fyrir jörðinni Húsavík og mótmælti umboðsmaður Skriðuklausturs henni hvað Innri-Álftavík snerti.
68. Um merki á milli Innri- og Ytri-Álftavíkur er fjallað í ýmsum heimildum, sbr. helst byggingarbréf vegna hjáleigunnar Álftavík (Ytri-Álftavík) frá 1856, 1861 og 1881, en í síðastnefnda bréfinu er einnig minnst á þrætuland milli Álftavíkur og Ness. Þá má geta þess að með bréfi, dags. 24. febrúar 1887, lagði amtmaður til að ekki yrði látið undan kröfum eiganda Húsavíkur í þrætumáli Ness og Húsavíkur. Í bréfinu segir að Innri-Álftavík sé afrétt góð og beutiland og að þræta hafi verið um svæðið í u.þ.b. 40 ár, en

vitnisburðir gangi allir í þá átt „að vikin hafi um langan tíma verið notuð af Nesbændum, og verið álitin heyra undir Nes“. Einnig vísar amtmaður til þess að málgögn Húsavíkureiganda nefna ekki Álftavík en að því sé þó ómótmælt að hjáleiga ein frá Húsavík nefnist Álftavík. Niðurstaða amtmanns er að Innri-Álftavík heyri til Nesi og að réttast sé að láta eigi undan kröfum eiganda Húsavíkur, heldur leggja ágreininginn í dóm. Þrætunni um merki á milli Innri- og Ytri-Álftavíkur virðist síðan ljúka með fyrrnefndum landamerkjadómi 29. ágúst 1890, um að landamerki skyldu vera sem að framan greinir.

69. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf vegna Ness eða Neshjáleigu. Landamerkja jarðanna er þó getið í öðrum heimildum, t.a.m. í úttekt á Skriðuklaustursjörðum 10. september 1828 og 15. apríl 1841 og lögfestu frá 19. maí 1845 vegna lands klausturjarðarinnar Ness. Þessar heimildir má skilja sem svo að kröfusvæðið hafi tilheyrt Nesi eða Neshjáleigu, en á því er byggt að í þeirri tilheyrslu hafi ekki falist annað og meira en takmörkuð réttindi. Er til þess að líta að aðrar fyrirbyggjandi heimildir, sbr. framangreint, benda ekki til annars en að kröfusvæðið hafi aðeins verið nýtt með takmörkuðum hætti og að það hafi ekki tilheyrt jörðunum með sama hætti og annað land þeirra. Til viðbótar framangreindu má um þetta vísa til þess að í skrá um afréttarlönd í Loðmundarfjarðarhreppi frá 25. júní 1894 er tiltekið að afréttarland Ness og Neshjáleigu skyldi vera Innri-Álftavík með Nesflugum, en jafnframt er vísað til afréttarlands jarðanna í lýsingu J. Baldvins Jóhannessonar, dags. 28. febrúar 1895.

(I) Hjálmárströnd

70. Við afmörkun kröfusvæðisins er fyrst og fremst litið til lýsingar á landsvæðinu Hjálmárströnd í landamerkjabréfi Dvergasteins, dags. 10. júní 1884, en þar segir n.t.t.: „Dvergasteins kyrkja á Hjálmárströnd alla í Loðmundarfirði milli Hjálmár og Grímkelsgils, og eru þessi landamerki skýrt mynduð af náttúrunni og geta því aldrei orðið vafa undirorpin.“
71. Ljóst er af landamerkjabréfinu og öðrum fyrirbyggjandi heimildum að kröfusvæðið er í elstu heimildum talið heyra undir kirkjuna að Dvergasteini í Seyðisfirði. Er á því byggt að í þeirri tilheyrslu hafi ekki falist annað og meira en takmörkuð réttindi. Í framangreindu landamerkjabréfi er kröfusvæðinu lýst með sjálfstæðum hætti og aðskildu frá öðru landi Dvergasteins, sem bendir ekki til þess að kröfusvæðið hafi verið eða sé undirorpið beinum eignarrétti og að ekki hafi verið litið svo á. Að því marki sem vísað er til kröfusvæðisins í öðrum heimildum um Dvergastein eða kirkjuna þar er það

gert með sambærilegum hætti og í tengslum við takmörkuð not. Sjá hér máldaga og aðrar heimildir um kirkjuna að Dvergasteini frá um 1397, 1549, 1570, 1645 og 1666, þar sem vísað er til þess að kirkjan að Dvergasteini eigi Hjálmárströnd alla milli Hjálmár og Grímkelsár. Sjá einnig vísun til Hjálmárstrandar í gjafabréfi frá 11. apríl 1678 og í lögfestu vegna kirkjustaðarins Dvergasteins með Selsstöðum og Kolsstöðum, dags. 3. júní 1849. Til viðbótar er að nefna að fyrir liggja heimildir um að aðrir hafi átt eða kallað til réttinda á kröfuvæðinu, sbr. hér heimildir um rekaítak kirkjunnar á Klyppstöðum.

72. Í ákveðnum heimildum er vísað til Hjálmárstrandar sem jarðar. Það virðist fyrst gert í jarðamati Norður-Múlasýslu frá 1804 þar sem vísað er til Hjálmárstrandar sem kirkjujarðar frá Dvergasteini en þess einnig getið að Skúli Skúlason hreppstjóri hafi nýtt Hjálmárströnd. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að búið hafi verið að Hjálmárströnd á þeim tíma eða fyrr. Á 19. öld virðast hafa verið gerðar skammvinnar og stopular tilraunir til búsetu þar. Sjá hér bréf sr. Ólafs Indriðasonar á Dvergasteini til biskups, frá 19. janúar 1833, þar sem vísað er til þess að árið 1823 hafi kirkjukotið Hjálmárströnd legið um langan tíma í eyði og menn hafi nýtt það að eigin vild, s.s. til hagbeitar og afréttar. Í bréfinu er svo vísað til skammvinnrar tilraunar til búsetu þar á árinu 1926. Í skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar á Dvergasteini, dags. 12. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Dvergasteins- og Fjarðarprestakalls, segir m.a. um Hjálmárströnd „sem er kyrkjunni tilheyrand afréttarland fra Hjalmá ad Grímkelsgili, og hvar Fátæklingar einstöku sinnum hafa lafad vid kofa fá ár í senn“.

73. Í öðrum síðari tíma heimildum er jafnframt vísað til þess að búið hafi verið að Hjálmárströnd. Sjá t.d. jarðamat Norður-Múlasýslu frá 1849-1850 þar sem kemur fram að Hjálmárströnd hafi oft legið í eyði og sé nú nýlega tekin til ábúðar. Samkvæmt manntali var búið að Hjálmárströnd 1850, en ekki 1855, 1860 eða 1870, og svo aftur 1880, 1890 og 1901, en ekki eftir það.

74. Ekki hefur komið fram gagnkrafa vegna kröfuvæðisins Hjálmárströnd.

V. Lagarök

75. Um lagarök er fyrst og fremst vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Einnig vísast til 72. gr. stjórnarskrárinnar, og meginreglna eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar og hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

VI. Sönnunargögn

76. Um sönnunargögn er vísað til framlagðra skjala og hliðsjónargagna. Ekki eru lögð fram ný gögn með greinargerð þessari, en áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, ef tilefni gefst til á síðari stigum.

VII. Almennur áskilnaður og fyrirvari

77. Af hálfu íslenska ríkisins er áskilinn réttur til að koma að frekari málsástæðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, og til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Þá er áskilinn réttur til að auka við þjóðlendukröfur og til að setja nýjar þjóðlendukröfur fram, eftir því sem tilefni gefst til og lög leyfa. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfufullinu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 13. desember 2023,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
f.h. íslenska ríkisins,



Andri Andrason, lögmaður



Edda Andradóttir, lögmaður